



Innra mat Lindaskóla

Matsteymi 1. október 2019

Hilmar Björgvinsson

Matsteymi 2019-2020

Auðbjörg Njálsdóttir umsjónarkennari á yngsta stigi

Fjóla Borg Svavarsdóttir kennari í UT

Guðríður Ólafsdóttur kennari á yngsta- og miðstigi

Hilmari Björgvinsson aðstoðarskólastjóri

Sigríður Dóra Gísladóttir umsjónarkennari á elsta stigi

Margrét Hjálmarsdóttir fulltrúa foreldra

Katrín Einarsdóttir fulltrúi nemenda, 10. LA.

1. fundur skólaárið 2019-20

Dagskrá:

1. Kynning á nefndarmönnum
2. Hlutverk nefndarinnar
3. Sjálfsmatsskýrsla 2018-19
4. Sjálfsmatsáætlun 2018-2022
5. Önnur mál

Matsteymi

Hlutverk matsteymis er meðal annars að stuðla að virkri og árangursríkri matsmenningu, auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Teymið fer yfir þær kannanir sem skólinn leggur fyrir hverju sinni, hvort sem um er að ræða starfsmanna-, nemenda- eða foreldrakönnun á fyrirfram ákveðnu málefni

Teymið setji fram skýrslu með umbótaáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans

Niðurstöður kannanna eru settar á heimasíðu skólans

Teymið kynni niðurstöður könnunar

Grunnskólalög nr. 91/2008

VIII. KAFLI

Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs

- 35. gr.
Markmið.
- Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat

36. gr.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Ytra mat sveitarfélaga

37. gr.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Ytra mat ráðuneytisins

- 38. gr.
- [Ráðuneyti eða Menntamálastofnun í umboði þess annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast verkefni samkvæmt þessari grein.]

Innra mat

Skólum er gert skylt að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið (innra mat)

Skólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið og að þeir setji sér sjálfir viðmiðanir um bætтан árangur

Matsteymi Lindaskóla

Auðbjörg Njálsdóttir umsjónarkennari

Fjóla UT kennari

Guðríður kennari

Sigríður Dóra Gísladóttir umsjónarkennari

foreldrafulltrúi

nemendafulltrúi

Hvað er innra mat grunnskóla?

Hversu vel stöndum við okkur?

Hvernig vitum við það?

Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Viðmið um innra mat grunnskóla

Kerfisbundið

Matið á að vera fyrirfram hugsað og vel skipulagt með áætlunum. Matskerfi skólans á að lýsa í skólanámskrá og viðfangsefni hvers skólaárs þarf að tilgreina í starfsáætlun.

Markmiðsbundið

Skólar setja sér stefnu og markmið út frá aðalnámskrá og skólastefnu síns sveitarfélags. Með innra mati er metið hvernig gengur að ná þeim markmiðum.

Samstarfsmiðað

Helstu hagsmunahópar; starfsfólk, nemendur og foreldrar eiga að hafa sitt að segja um skipulag og framkvæmd matsins og leita þarf til allra þessara hópa þegar gagna er aflað. Innra mat byggist á samræðu og ígrundun og hvetur þannig til samstarfs.

Samofið öllu skólastarfi

Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins.

Byggt á traustum gögnum

Gagnaöflun þarf að vera vönduð og afla þarf gagna sem best varpa ljósi á viðfangsefnið.

Greinandi og umbótamiðað


Greina þarf niðurstöður í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta. Gera þarf áætlun um umbætur, koma henni í framkvæmd og meta hvernig til tekst.

Opinbert

Helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur þarf að birta opinberlega, til dæmis á heimasíðu skóla. Þess skal þó gæta að birta ekki persónugreinanlegar eða viðkvæmar upplýsingar.

Ferli innra mats

1. Skipulagning matsins
2. Gagnaöflun samkvæmt áætlunum
3. Greining gagna, mat lagt á niðurstöður
4. Niðurstöður teknar saman í stutta greinargerð
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótum fylgt eftir og þær metnar



Matstæki

Ýmis matstæki hafa verið þróuð sem innihalda staðla, gátlista og leiðbeiningar til að miða árangur við.

Grunn-Skólarýnir (Benedikt Sigurðsson, 2001)

Gæðagreinar (1999)

Glerverk (Glerárskóli, 2003)

Skólamat (Sif Vígþórsdóttir og Valdimar Helgason, 2004)

Skólapúlsinn (2008)

Innra mat Lindaskóla

Ýmis konar námsmat

símat, próf og lesskimanir

Kannanir um líðan og samskipti
(stríðni/einelti) – námsráðgjafi

Matstækið Skólapúlsinn (6.-10.b)

Vefviðmót

Skólapúlsinn

Veitir skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu.

Þróun einstakra þátta skoðaður yfir langan tíma -langtímamiðuð

Þátttaka margra skóla víðsvegar að af landinu – samanburðarhæfar niðurstöður sem er grunnur þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um viðbrögð í einstökum tilvikum

Skólapúlsinn - framkvæmd

Nemendakönnunin fyrir nem í 6.-10.b fer fram í nokkrum 45 nemenda úrtökum í september, nóvember, janúar, mars og apríl

Foreldrakönnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldursstigum grunnskólans. 120 foreldra líkindaúrtak og fer fram í febrúar annað hvert ár

Starfsmannakönnunin fer fram í mars, annað hvert ár og er lögð fyrir alla starfsmenn

Almennt

Tekur um 20 mínútur að svara að meðaltali

Niðurstöður eru ekki birtar ef svarhlutfall er lægra en 60% hjá foreldrum og starfsmönnum og 80% hjá nemendum

Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð

Skólapúlsinn - Nemendur

Val á spurningunum byggir að mestu á:

Rannsóknnum á íslenskum PISA gögnunum

Kvörðum frá Menntamálastofnun

HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar

Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Viðfangspættir – nemendur:

Ánægja af lestri

Áhugi og ánægja af stærðfræði

Áhugi og ánægja af náttúrufræði

Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin vinnubrögð í námi

Þrautseigja í námi

Nemendur frh.:

Sjálfssálit

Stjórn á eigin lífi

Velliðan

Tíðni eineltis

Tegund eineltis

Staðir eineltis

Hreyfing

Nemendur frh.:

Mataræði

Samsömun við nemendahópinn

Samband nemenda við kennara

Agi í tímum

Virk þátttaka í tímum

Mikilvægi heimavinnu í náminu

Tvær opnar spurningar um skólann

Viðfangsefni - starfsmenn

Starfsmannakönnun mælir 45 þætti í 7 flokkum. Flokkarnir eru:

Viðhorf til skólans

Almennar upplýsingar um kennara

Kennarastarfið

Starfsumhverfi kennara

Mat og endurgjöf

Símenntun kennara

Almennur flokkur

Viðfangsefni - foreldrar

Foreldrakönnunin mælir 59 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru:

Nám og kennsla

Velferð nemenda

Aðstaða og þjónusta

Foreldrasamstarf

Heimastuðningur

Skólapúlsinn - niðurstöður

<https://skolapulsinn.is>

Nemendakönnun 2018-2019

Foreldrakönnun 2018-2019

Bækur um mat á skólastarfi

- Mat á skólastarfi: Handbók fyrir skóla
Steinunn Helga Lárusdóttir. 2002
- Mat á skólastarfi: Hvað og hvernig?
Gerður G. Óskarsdóttir. 1999
- Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði.
Sigurlína Davíðsdóttir. 2008.
- Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat í
grunnskólum
Birna Sigurjónsdóttir o.fl. 2012
- Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla
Sigríður Sigurðardóttir. 2016

Vinnan framundan

Skýrsla vegna innra mats 2018-2019

Sjálfsmatsáætlun 2018-2022